

**Nd.**

**118. Breytingartillögur**

[11. mál]

við frv. til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögreglurannsóknir brotamála í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Kjósarsýslu, að því leyti sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar, samkvæmt ákvæðum þessara laga eða annarra réttarreglna.

Með sama hætti skal rannsóknarlögregla ríkisins hafa með höndum rannsóknir brotamála í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli þegar dómsmálaráðherra ákveður.

2. Við 4. gr. Í stað orðanna „utan Reykjavíkur“ komi: utan þeirra umdæma, sem upp eru talin í 3. gr.
3. Við 10. gr. Greinin hljóði svo:

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og koma að fullu til framkvæmda 1. júlí 1977.